



Algjör þögn er best? Söngkonan vinsæla Emilfana Torrini var valin rödd ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum. Hún þekkir ekki þögnina eins og væntanlega heyrst á sýljulegri tónlist hennar...

Hin sígilda síbylja

AF LISTUM



Arnar Eggert Thoroddsen

Það er umhugsunarvert efni fyrir okkur ... að kynslóðin sem ólst upp í einangruðum sveitum Íslands á tveimur fyrstu áratugum liðinnar aldar ... það er seinasta kynslóðin sem getur munað og greint upplifun sína og undrun yfir hljómi hljóðfæra - yfir heimi tónlistarinnar. Við, kynslóðirnar sem höfum komið á eftir, búum við síbylju. Og það í auknum mæli með ári hverju. Þetta fólk heyrði tón hljóðfærisins af því að það þekkti þögnina. Pabbi var einn þeirra ...

Svo mælti Þorgerður Ingólfsdóttir, dóttir Ingólfs Guðbrands-sonar, þegar hún tók við heiðursverðlaunum Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir hönd föður síns í fyrradag.

Á vissan hátt bera þessi orð með sér rómantískar endurminningar um einfaldari, „betri“ tíma. En í þeim felst líka viss sýn á stöðu tónlistarinnar í samtímanum sem öllu erfðidara er að ylja sér við.

Í orðum Þorgerðar endurspeglast nefnilega viðhorf ákveðinnar kynslóðar, ákveðins hóps, sem hefur að gera með vissa tvískiptingu tónlistar, skipting sem hefur reynst mikið bitbein í menningarumræðu, einkanlega síðustu árin. Hin hefðbundna skipting í „æðri“ og „lægri“ tónlist er úrelt talin af sístækkandi hópi fólks en vissulega eru þeir enn til sem streitast á móti, svo ég orði það bara hreint út.

Það mælir enginn á móti því að nútímafólk býr í umhverfi sem er

» Hvers vegna í ósköpunum þurfa nýjar kynslóðir tónlistarunnenda, sem hafa nákvæmlega sömu getu til að bindast tónlist ástríðuböndum og allar þær sem á undan komu, að þola að vera kallaðar vanhæfar til slíks?

uppfyllt af alls kyns áreiti, hljóðrænu sem öðru. En í samhenginu er ekki hægt að draga aðra ályktun af orðum Þorgerðar en að hæfileiki okkar í dag til að meta og skilja töframátt tónlistarinnar sé að einhverju leytnu skertur vegna „síbylunnar“, væntanlega þess poppruls sem dembt er yfir mann og mús linnulaust frá morgni til kvölds.

Ef ég á að vera alveg hreinskilinn gerðu þessi orð Þorgerðar mig bálreidan. Hvers vegna í ósköpunum þurfa nýjar kynslóðir tónlistarunnenda, sem hafa nákvæmlega sömu getu til að bindast tónlist ástríðuböndum og allar þær sem á undan komu, að þola að vera kallaðar vanhæfar til slíks af þeim sem á undan komu? Fratið og fyrirlitningin sem „fylgismenn“ viðurkenndrar tónlistar hafa á hinu svokallaða poppi kemur fram í ýmsum myndum en mikið óskaplega getur hún verið þreytandi og hjákátleg. Það besta er þó að oftast nær virðist þetta heldur ekkert snúast um tónlistina sem slíka, eðli hennar og eiginindir. Það er nóg fyrir tónlistarmennina að ná viðurkenningu hjá samþykktum kreðsum og þá,

barbabrella, er tónlistin engin síbylja lengur. Þeir hækka einfaldlega í tign (Björk, Sigur Rós t.d.).

Það verður ekki framhjá því horft að hugmyndir, áherslur og aðkoma öll að hlutumum í „heimunum tveimur“ er býsna ólík. Það breytir því þó ekki að sjálfsagt er að gera lágmarkskröfur um skilning, virðingu og jafnvel opinn huga. Þau okkar sem héldu að mæri á milli heimanna væru mögulega að mást út fengum svo rækilega áminningu um að langt er í land í þeim efnum á umræddum tónlistarverðlaunum. Skilin voru nefnilega undirstríkuð, mér liggur við að segja á glæsilegan hátt, þegar litið var yfir áhorfendasalinn. Fulltrúar „æðri“ tónlistarinnar sátu í stólum á meðan poppararnir stóðu. Táknmynd sem var í senn yfirmáta sorgleg og alveg sprenglægleg. arnar@mbl.is



Borgarleikhúsið

568 8000 - borgarleikhus.is - midasala@borgarleikhus.is

Milljarðamærin snýr aftur - miðasala er hafin



Fólkið í blokkinni (Stóra sviðið)

Lau 21/2 kl. 19:00 U Lau 21/2 kl. 22:00 síð. sýn. U



Fló á skinni (Stóra sviðið)

Fös 20/2 kl. 19:00 U Fös 13/3 kl. 19:00 Ö Sun 22/3 kl. 19:00
Fös 20/2 kl. 22:00 aukas. Ö Lau 14/3 kl. 19:00 Ö Lau 28/3 kl. 19:00
Lau 7/3 kl. 19:00 U Lau 21/3 kl. 19:00 Ö

Yfir 130 uppseldar sýningar. Áhorfendasýning ársins 2008.



Milljarðamærin snýr aftur (Stóra sviðið)

Fim 26/2 kl. 20:00 fors. Ö Fim 5/3 kl. 20:00 3kort. U Sun 15/3 kl. 20:00 7kort. Ö
Fös 27/2 kl. 20:00 frums. U Fös 6/3 kl. 20:00 4kort. Ö Fim 19/3 kl. 20:00 8kort.
Lau 28/2 kl. 20:00 2kort. Ö Mið 11/3 kl. 20:00 5kort. Ö Fös 20/3 kl. 20:00 9kort. Ö
Mið 4/3 kl. 20:00 aukas. U Fim 12/3 kl. 20:00 6kort. Ö Fim 26/3 kl. 20:00 10kort.

Æðisgengið leikrit um græðgi, hatur og ást.



Rústað, eftir Söru Kane (Nýja sviðið)

Fim 26/2 kl. 20:00 U Fim 5/3 kl. 20:00 Fim 12/3 kl. 20:00
Fös 27/2 kl. 20:00 U Fös 6/3 kl. 20:00 Fös 13/3 kl. 20:00
Lau 28/2 kl. 20:00 Ö Lau 7/3 kl. 20:00 Ö Lau 14/3 kl. 20:00
Sun 1/3 kl. 20:00 Sun 8/3 kl. 20:00 Sun 15/3 kl. 20:00 (síð. sýn.)

Ath! Bannað innan 16 ára. Ekki fyrir viðkvæma. Síðasta sýning 15. mars.



Sannleikurinn, einleikur Péturs Jóhanns (Litla sviðið)

Fös 20/2 kl. 19:00 7 kort. U Fim 26/2 kl. 20:00 U Fös 6/3 kl. 19:00 Ö
Fös 20/2 kl. 22:00 U Fös 27/2 kl. 19:00 U Fös 6/3 kl. 22:00 U
Lau 21/2 kl. 19:00 8 kort. U Fös 27/2 kl. 19:00 U Fös 13/3 kl. 19:00 U
Lau 21/2 kl. 22:00 aukas. U Lau 28/2 kl. 19:00 U Fös 13/3 kl. 22:00 U
Sun 22/2 kl. 20:00 9 kort. U Lau 28/2 kl. 22:00 U Lau 14/3 kl. 19:00 Ö
Mið 25/2 kl. 20:00 10 kort. U Sun 1/3 kl. 20:00 U Lau 14/3 kl. 22:00 Ö

Leiklestrar á verkom Söru Kane. Þrá - 24. febrúar. 4:48 geðtruflun - 3. mars - 1.500 kr.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Fös 20/2 kl. 18:00 fors. U Sun 8/3 kl. 17:00 U Lau 4/4 kl. 14:00 U
Lau 21/2 kl. 14:00 frums. U Lau 14/3 kl. 14:00 U Lau 4/4 kl. 14:00 U
Lau 21/2 kl. 17:00 U Sun 15/3 kl. 14:00 U Sun 5/4 kl. 17:00 U
Sun 22/2 kl. 14:00 U Sun 15/3 kl. 17:00 U Sun 5/4 kl. 17:00 U
Sun 22/2 kl. 17:00 U Lau 21/3 kl. 14:00 U Lau 18/4 kl. 14:00 U
Lau 28/2 kl. 14:00 U Lau 21/3 kl. 17:00 U Lau 18/4 kl. 17:00 U
Lau 28/2 kl. 17:00 U Sun 22/3 kl. 14:00 U Sun 19/4 kl. 14:00 U
Sun 1/3 kl. 14:00 U Sun 22/3 kl. 17:00 U Sun 19/4 kl. 17:00 U
Sun 1/3 kl. 17:00 U Lau 28/3 kl. 14:00 U Lau 25/4 kl. 14:00 U
Lau 7/3 kl. 14:00 U Lau 28/3 kl. 17:00 U Lau 25/4 kl. 17:00 U
Lau 7/3 kl. 17:00 U Sun 29/3 kl. 14:00 U Sun 26/4 kl. 14:00 U
Sun 8/3 kl. 14:00 U Sun 29/3 kl. 17:00 U Sun 26/4 kl. 17:00 U

Sýningar í maí komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is



Hart í bak (Stóra sviðið)

Fim 19/2 kl. 20:00 Ö Fim 5/3 kl. 20:00 aukasýn. Ö Mið 18/3 kl. 20:00 aukasýn.
Fim 26/2 kl. 20:00 Ö Fös 6/3 kl. 20:00 Ö
Fös 27/2 kl. 20:00 Ö Lau 14/3 kl. 20:00 Ö

Sýningum lýkur 18. mars



Skoppa og Skritla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/2 kl. 13:00 U Lau 14/3 kl. 13:00 Ö Lau 28/3 kl. 13:00 U
Lau 7/3 kl. 13:00 U Lau 21/3 kl. 13:00 U
Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Heiður (Kassinn)

Fös 20/2 kl. 20:00 fetur niður | Lau 28/2 kl. 20:00 Ö
Sýningum að ljúka



Íslenski dansflokkurinn
568 8000 | midasala@borgarleikhus.is
Velkomin heim - Febrúarsýning 2009 (Stóra sviðið)

Sun 22/2	kl. 20:00	Sun 8/3	kl. 20:00
Sun 1/3	kl. 20:00		

Landnámssetrið í Borgarnesi
437 1600 | landnamssetur@landnam.is
BRÁK eftir Brynhildi Guðjónsdóttur (Söguloftið - Sala á sýningar í maí hafin)

Fös 20/2	kl. 20:00	U	Lau 28/2	kl. 17:00	U
næst síðasta sýn. í vetur			síðasta sýn. í vetur - ath sýningatíma		
Sun 22/2 aukas.	kl. 16:00	U			

Tvær Grímur 2008 - Besta leikkonan - Besta handritið

Mr. Skallagrímsson eftir Benedikt Erlingsson (Söguloftið - sýningum lýkur í vor)

Lau 21/2	kl. 17:00	U	Fim 19/3	kl. 20:00	U
Fös 27/2	kl. 20:00	U	Lau 21/3	kl. 16:00	U
Lau 7/3	kl. 16:00	U	Fim 26/3	kl. 20:00	U
Fös 13/3	kl. 20:00	Ö	Lau 28/3	kl. 16:00	U
Lau 14/3	kl. 16:00	U			

Tvær Grímur 2007 - Besti leikari - Besta handritið

Sturlunga Einars Kárasonar (Söguloftið)

Fös 6/3 frums.	kl. 20:00	Ö
----------------	-----------	---

Forsýning

Íslenska óperan
511 4200 | midasala@opera.is
Óperuperlur - Diddú, Bjarni Thor, Sigríður, Ágúst og Antonía

Lau 21/2	kl. 20:00	Sun 8/3 aukas.	kl. 20:00
Sun 1/3	kl. 20:00	U	

Fjórar stjörnur í Morgunblaðinu!

Hafnarfjarðarleikhúsið
555 2222 | theater@vortex.is
Dubbeldusch (Hafnarfjarðarleikhúsið)

Lau 21/2	kl. 20:00	Fös 27/2	kl. 20:00
----------	-----------	----------	-----------

Salka Valka (Hafnarfjarðarleikhúsið)

Fös 20/2	kl. 20:00	Sun 1/3	kl. 20:00
Lau 28/2	kl. 20:00		

Iðnó
562 9700 | idno@xnet.is
Systur

Lau 21/2	kl. 20:00	Fös 27/2	kl. 20:00
----------	-----------	----------	-----------

Dómur Morgunbladsins

„Líf í tuskunum“ Snúður og snældu . Leikfélag eldri borgara

Sun 22/2	kl. 14:00	Sun 1/3	kl. 14:00
Fim 26/2	kl. 14:00		

Fréttir í tölvupósti

mbl.is